

# Barn á Vökudeild

Barn er lagt inn á Vökudeild ef það þarfnast eftirlits eða meðferðar eftir fæðingu eða í kjölfar veikinda. Oftast ber innlögn á Vökudeild brátt að og foreldrum getur þótt erfitt að sjá barnið sitt í gjörgæsluumhverfi.

Á Vökudeild eru fyrirburar, veikir nýburar og ungbörn upp að þriggja mánaða aldri sem þurfa á gjörgæslumeðferð að halda. Á hverju ári koma um 400 börn á Vökudeildina. Deildin sinnir einnig dagdeildarþjónustu við nýbura sem þurfa eftirlit í kjölfar fæðingar, sýklalyfjameðferð eða þurfa sérhæft eftirlit án innlagnar.

## Meðferð á deild

Við komu á deildina er barn yfirleitt lagt í hitakassa eða á hitaborð til að betur sé hægt að fylgjast með ástandi þess. Um leið og ástand barns leyfir, líður barninu best að liggja húð við húð hjá foreldri. Oftast er barnið tengt við sírita (monitor) sem sýnir súrefnismettun og hjartslátt.

## Öndun

Algengt er að börn á Vökudeild þurfi stuðning við öndun. Öndunaraðstoð getur verið allt frá því að huga að legu barns og gefa því súrefni yfir í umfangsmeiri stuðning eins og meðferð í öndunarvél.

## Næring

Flest börn sem leggjast inn á deildina þurfa aðstoð við næringu. Fyrst eftir fæðingu er oft nauðsynlegt að gefa barni næringu í æð. Um leið og barnið hefur náð þroska og getu, er byrjað að gefa mjólk í maga. Barn sem ekki getur sögið eða kyngt vegna vanþroska eða sjúkdómsástands getur þurft að fá næringu með sondu. Sonda er grönnt plastslanga sem er leidd niður í maga um munn eða nef barnsins og mjólkin gefin í gegnum hana. Um leið og barnið getur nærst sjálft er hægt að hefja brjóstagjöf samhliða. Sondumötun hindrar ekki árangursríka brjóstagjöf.

Móðir er hvött til að nota mjaltavél eins fljótt og ástand leyfir eftir fæðingu. Mjaltavélar eru til bæði á sængurlegu- og Vökudeild og er starfsfólk tilbúið að aðstoða við notkun vélanna. Móðir fær afhent slöngusettt fyrir mjaltavél fyrst eftir fæðingu sem má nota í allt að 72 klukkustundir. Eftir það þarf hún að útvega margnota slöngusettt og sjá sjálf um hreinsun þess.

## **Viðvera foreldra**

Foreldrar hafa ótakmarkaðan aðgang að deildinni og mikilvægt er að þeir séu hjá barninu eins mikið og aðstæður leyfa. Gert er ráð fyrir að foreldrar séu virkir þátttakendur í meðferð barns. Læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir meðferðaraðilar upplýsa foreldra reglulega um ástand og meðferð barns. Foreldrar eru hvattir til að leita til starfsfólks hafi þeir spurningar. Stofugangur og helstu rannsóknir fara fram fyrir hádegi. Vegna nálægðar við önnur börn þurfa foreldrar að setja upp heyrnartól við stofugang þegar fjallað er um börn annarra. Foreldrar eru beðnir um að virða trúnað og þagnarskyldu um það sem þau verða áskynja á deildinni. Stilla þarf hringingar farsíma á hljóðlaust og tala í síma fyrir utan deildina ef þörf er á.

## **Systkini**

Systkini eru velkomin með foreldrum sínum en eingöngu eitt í einu. Ung börn hafa yfirleitt lítið úthald til viðveru á Vökudeildinni og því er ráðlagt að systkini dvelji stutta stund í einu. Börn eru á ábyrgð foreldra sinna og mega aldrei vera án eftirlits.

Á ákveðnum tímabilum þegar mikið er um umgangspesfir til dæmis RS veirusýkingu og influensu er aldurstakmark systkina miðað við skólaaldur eða sex ára. Systkini með hita eða kvefeinkenni mega ekki koma í heimsókn.

**Nýfædd börn og sérstaklega fyrirburar eru mjög viðkvæmir fyrir sýkingum. Handþvottur er lykilþáttur í að hindra dreifingu smitefna. Því er nauðsynlegt að:**

- Þvo hendur vel með sápu og vatni áður en komið er inn á deildina.
- Hreinsa hendur með handspritti áður en komið er í rými barnsins og einnig þegar það er yfirgefið. Sem dæmi má nefna þegar sótt eru áhöld eins og bleiur eða pelar.
- Vera í hreinum fötum. Ekki má koma inn á deildina í yfirhöfn, lopa- eða flíspeysu og útiskóm.
- Vera án skartgripa og ekki með gervineglur.
- Spritta farsíma ef hann er notaður í umhverfi barnsins.
- Koma ekki á deildina ef einkenni sýkinga svo sem kvef, hiti eða hálsbólga.

### Aðstaða fyrir foreldra

Á sömu hæð og Vökudeildin, í austurhluta hússins, er setustofa ætluð foreldrum sem eiga börn þar eða á barnadeild 23E. Í setustofunni eru eldhúshöld til afnota fyrir foreldra, ísskápur þar sem hægt er að geyma eigin mat og örbylgjuofn. Setustofan er eingöngu ætluð foreldrum og ekki er ætlast til að börn og gestir dvelji þar.

Ganga þarf vel um aðstöðuna og ganga frá eftir sig. Tæma þarf matvæli úr ísskáp þegar dvöl á Vökudeild lýkur. Verðmætageymslur eru fyrir framan salerni deildar. Bent er á að spítalinn getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum.

### Bílastæði

Foreldrar barns á Vökudeild geta lagt bíl sínum gjaldfrjálst í fjærstæði. Hafa þarf samband við ritara til að skrá bíl og fá nánari upplýsingar.

### Gisting fyrir foreldra og barn

Vökudeildin hefur til afnota sex herbergi sem ætluð eru fyrir börn sem geta dvalið í umsjá foreldra sinna með stuðningi frá starfsfólki Vökudeildar.

### Stuðningur við foreldra

Foreldrum er boðið upp á vikuleg stuðningssamtöl við hjúkrunarfræðing. Félagsráðgjafar eru starfandi við Barnaspítalann og veita foreldrum þjónustu er varðar ýmis réttindi. Ef óskað er eftir þjónustu þeirra þarf að láta hjúkrunarfræðing vita sem kemur málum í farveg. Einnig veita brjóstgafarráðgjafar, prestar, sálfræðingar og sjúkráþjálfarar þjónustu eftir þörfum.

## Veitingasala

- Á jarðhæð Barnaspítalans er Veitingastofa Hringingsins. Þar er hægt að kaupa mat, heita súpu, salat, samlokur og margt fleira. Allur ágóði rennur í Barnaspítalaskóli Hringingsins. Opnunartími Veitingastofu er klukkan 08:00-15:00 alla virka daga.
- Matsalur er staðsettur á 2. hæð í aðalbyggingu Landspítala. Opið er virka daga frá klukkan 07:30 til 19:30 og um helgar frá klukkan 08:45 til 19:30. Matseðil er að finna á heimasíðu Landspítala: [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is).
- Sjálfsalar eru á jarðhæðinni þar sem hægt er að kaupa ávexti, samlokur og fleira.

## Gestir

Nauðsynlegt er að halda heimsóknum í lágmarki. Heimsóknartími er klukkan 16:00-19:00. Einungis einn gestur getur komið inn á deildina í einu og ekki fleiri en 1-2 á dag.

Gestir þurfa að hafa náð 16 ára aldri. Foreldrar taka á móti gestum fyrir framan deild, leiðbeina þeim um handþvott, hvar hægt er að hengja af sér yfirhafnir og fylgja þeim síðan inn til barnsins. Mælst er til þess að gestir stoppi stutt inni á deild. Bent er á aðstöðu í anddyri á jarðhæð Barnaspítalans og sófa við enda gangsins fyrir framan deildina, til að taka á móti og spjalla við gestina.

## Símanúmer

Vökudeild

543 3770 og 543 3771

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.